

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu
606 Akureyri

Garðabær, 6. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0017
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps.

Vísað er í tölvubréf frá Svalbarðsstrandarhreppi, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 7. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2025-2037.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stefnumótun um verndun náttúru og sjálfbæra auðlindanýtingu er hefur áhrif á landnotkun af ýmsum toga er mikilvægur þáttur við undirbúning aðalskipulags. Ærið tilefni er fyrir sveitarfélagið að móta sér stefnu um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og innleiða í áherslur aðalskipulagsins enda sveitarfélög með mikilvægt hlutverk (ekki síst með skipulagsskyldu sinni) við að vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem er ein stærsta umhverfisvá samtímans samhliða og í nánu sambandi við áhrif loftslagsbreytinga. Í drögum að nýrri landsskipulagsstefnu sem nú er í meðferð Alþingis er lögð mikil áhersla á líffræðilega fjölbreytni.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](#) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf](#)) og kortasjá [http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort](#)



- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)
<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Innan sveitarfélagsins er að finna náttúruminjar sem njóta verndar skv. 61. greinar laga nr. 60/2013 um sérstaka verndun, einkum fossar. Huga þarf vandlega að skipulagi og framkvæmdum sem geta raskað þessum náttúrufrábærum.

Í sveitarfélaginu eru margir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða eru á valista. Við skipulagsáform við og í næsta nágrenni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

